



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2020

2011036SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um flóðavarnir á landi, 147. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 17. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að skipa starfshóp um flóðavarnir á landi sem vinni í samstarfi við Landgræðsluna. Landgræðslunni ber, samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018, að meta hvar þörf er á varnaraðgerðum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot, þ.e. jarðvegsrof og gróðureyðingu sem stafar af ágangi vatna, sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum. Verkefni starfshópsins er í stuttu máli að gera úttekt á nauðsynlegum flóðvörnum, forgangsraða verkefnum og leggja fram tillögu að áætlun um aðgerðir, jafnt til viðhalds sem nýframkvæmda.

Sambandið styður að starfshópur um verkefni tengd flóðavörnum á landi verði skipaður og leggur til að sambandið eigi fulltrúa í starfshópnum enda eru flóðavarnir á landi mikilvægar mörgum byggðalögum, s.s. Landeyjum, Álftaveri, Vík, landi við Hvítá í Árnassýslu og Kelduhverfi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri